

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis,
Nefndasvið
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 25. febrúar 2013
2013020004/42-1-3
TB
jgo/tb

Tillaga til þingsályktunar um skilgreiningu auðlinda, 35. mál

Vísað er til bréfs / tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 5. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um skilgreiningu auðlinda, 35. mál.

Í framangreindir tillögu segir: *Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að fá færustu sérfræðinga á sviði auðlindaréttar til að semja frumvarp sem skilgreinir með tæmandi hætti hvað flokkast til auðlinda hér á landi og hverjar auðlindir Íslands eru.* Náttúrufræðistofnun telur eðlilegt að þetta mál sé skoðað gaumgæfilega en vill benda á eftirfarandi. Tillagan gerir ráð fyrir að auðlindir séu skilgreindar með tæmandi hætti sem getur reynst erfitt sbr. t.d. auðlindir sem áður voru óþekktar s.s. auðlindir sem felast í erfðamengi lífvera. Einnig er aðeins gert ráð fyrir færustu sérfræðingum í auðlindarétti í tillögunni og ef þar er eingöngu átt við lögfræðinga virðist sem það vanti víðari sýn á málið bæði þegar kemur að því að skilgreina hvað sé auðlind og jafnvel ekki síður þegar kemur að skilgreiningu á gildi auðlinda og réttindum sem snúa að auðlindum þ.m.t. t.d. almannarétti.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

